

Almennir viðskiptaskilmálar HD ehf.

Eftirfarandi skilmálar gilda um kaup á vörum og/eða þjónustu af HD ehf. (seljanda).

Þar sem skilmálum þessum sleppir gilda lög um lausafjárkaup nr. 50/2000 varðandi kaup á vörum en almennar reglur kröfuréttar um kaup á þjónustu. Ef kaupandi telst neytandi í skilningi laga um neytendakaup nr. 48/2003 og laga um þjónustukaup nr. 42/2000 koma ákvæði þeirra laga í stað skilmála þessara.

Vara og þjónusta fellur undir þessa skilmála eftir að HD ehf. hefur fallist á þöntun viðskiptamanns með því að staðfesta hana með samningi eða öðrum formlegum hætti s.s. samþykktu tilboði, afhenda kaupanda vöru eða inna af hendi þjónustu.

1. Greiðsluskilmálar

Viðskiptamönnum ber að greiða reikning í samræmi við þá skilmála sem á honum eru tilgreindir. Athugasemdir við útgefna reikninga skulu berast seljanda innan 15 daga frá útgáfudegi, að öðrum kosti telst reikningurinn réttur.

Vörureikningar skulu greiddir fyrir afhendingu vöru nema samið sé um aðra skilmála. Reikningar vegna þjónustu í tímavinnu skulu greiddir innan 15 daga frá útgáfu reiknings.

Fyrir þjónustu og/eða vöru greiðir viðskiptamaður það gjald sem samið hefur verið um. Seljanda er heimilt að krefja viðskiptamenn um greiðslu fyrir hluta af verki eða söluhlutl áður en verki er lokið eða söluhlutur er afhentur. Skulu slíkir reikningar vera í samræmi við framvindu verks.

Seljanda er heimilt að stöðva afhendingu, ef samið er um hana í áföngum, eða veitingu þjónustu hafi greiðsla ekki borist vegna fyrri afhendinga eða þjónustu. Stöðvun afhendingar/veitingar þjónustu er heimil fram að þeim tíma sem gjaldfallnar greiðslur hafa verið inntar af hendi eða lagðar fram fullnægjandi tryggingar fyrir þeim.

2. Söluveð

Kaupandi veitir seljanda söluveð í hinu keypta, sbr. lög nr. 75/1997 um samningsveð. Veðrétturinn nær til allra þeirra hluta sem greindir eru á reikningi. Veðið er til tryggingar kröfu til alls endurgjalds sem greint er á reikningnum, ásamt vöxtum og kostnaði.

Hluti þá sem veðsettir eru má kaupandi ekki selja, veðsetja frekar, breyta eða skeyta við aðra hluti þannig að hætta sé á að söluveðið glatist án skriflegs samþykks seljanda.

Ef vanskil verða á greiðslu þeirra krafna sem veðrétturinn nær til, getur seljandi leitað fullnustu kröfu sinnar með því að krefjast nauðungarsölu á veðandlaginu, án undangengins dóms eða aðfarar, eða rífta söluveðsetningunni og krefjast afhendingar hins veðsetta.

3. Afhending

Afhending vöru fer fram á starfsstöð seljanda á umsömdum afhendingartíma nema um annað sé sérstaklega samið. Þjónusta skal veitt á þeim stað sem greinir í samningi.

4. Sending og þjónusta utan höfuðborgarsvæðisins

Kaupandi ber ávallt allan kostnað af sendingu vöru nema um annað sé sérstaklega samið. Ef verkefni krefjast þess að þjónusta sé veitt utan höfuðborgarsvæðisins skal kaupandi greiða fyrir gistingu, fæði og staðaruppbót starfsmanna seljanda.

5. Viðtökudráttur

Sé vara ekki sótt innan umsamins tíma áskilur seljandi sér rétt til að senda hana til kaupanda á hans kostnað eða að öðrum kosti að annast hlutinn á kostnað kaupanda með þeim hætti sem sanngjarnit er miðað við aðstæður. Getur seljandi krafist geymslu- og/eða umsýslugjalds úr hendi kaupanda vegna geymslu vöru eftir umsaminn afhendingartíma.

6. Áhættuskipti

Kaupandi ber ábyrgð á vöru frá því tímamarki sem hún er honum afhent eða hún er afhent flutningsaðila ef um sendingu er að ræða, nema um annað sé sérstaklega samið.

7. Afhendingardráttur

Verði dráttur á afhendingu vöru til kaupanda eða veitingu þjónustu vegna aðstæðna sem seljandi fær ekki við ráðið (force majeure) ber seljandi ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem verða kann vegna afhendingardráttarins. Hið sama á við verði afhendingardráttur á vöru vegna þess að hún kemur seint eða gölluð frá erlendum birgjum.

8. Vöruskil

Vöru er einungis hægt að skila ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt.

Varan er í sama ástandi og við afhendingu og án sjáanlegra skemmda. Ekki er búið að vinna vöruna á nokkurn hátt.

Innan við 15 dagar eru frá afhendingu vörunnar. Varan er ekki sérpöntuð.

Við vöruskil fær kaupandi inneignarnótu frá seljanda fyrir andvirði vörunnar. Kostnaður af vöruskilum vegna atvika er varða kaupanda eru dregin frá inneignarfjárhæðinni. Ekki kemur til endurgreiðslu af hálfu seljanda við vöruskil.

Seljandi leggur áherslu á að vara sé skoðuð af kaupanda við móttöku. Vöru fæst skilað gegn endurgreiðslu ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt: Varan er sannanlega gölluð.

Skriflegar athugasemdir um galla hafa komið fram án ástæðulauss dráttar.

9. Óviðráðanleg atvirk (Force Majeure)

Seljandi ber ekki ábyrgð á vanefndum, beinu eða óbeinu tjóni eða öðrum kostnaði gagnaðila sem rakinn verður til óviðráðanlegra atvika,

svo sem jarðskjálfta, eldsvoða, rafmagnstruflana, ófriðar, heimsfaraldurs eða verfalla sem hann hefði ekki getað komið í veg fyrir eða haft stjórn á, þótt hann hafi beitt öllum eðlilegum ráðum, sem honum voru tiltæk.

Seljandi skal tafarlaust tilkynna kaupanda um óviðráðanleg atvik. Jafnframt skal seljandi gera allt, sem í hans valdi stendur, til þess að draga úr áhrifum óviðráðanlegra atvika og skal strax og þeim er ekki lengur til að dreifa gera allar eðlilegar ráðstafanir, sem á hans valdi eru, til að hefjast handa á ný um að efna skuldbindingar samkvæmt samningnum með minnstu mögulegu töfum. Það sama á við um kaupanda.

10. Bótaábyrgð

Bótabyrgð seljanda, og þar með heildarskaðabótakrafa kaupanda, vegna hvers konar tjóns sem rekja má til vanefnda seljanda, hvort sem tjónið má rekja til galla í þjónustu seljanda, galla í söluhlut, saknæmrar og ólögmætrar háttsemi starfsmanna seljanda eða af hvaða öðrum orsökum sem er, takmarkast við þá fjárhæð sem nemur greiðslu kaupanda til seljanda fyrir viðkomandi vöru eða þjónustu.

Skaðabótaábyrgð seljanda vegna einstaks tjóns getur því aldrei numið hærri fjárhæð eða verið umfangsmeiri en sem nemur þeirri fjárhæð sem áætlað var að kaupandi greiddi, eða kaupandi rauverulega greiddi, seljanda vegna vörurnar eða þjónustunnar.

Skaðabótaábyrgð seljanda, hvort sem er vegna þjónustu seljanda, galla í söluhlut, skaðaverka starfsmanna seljanda eða af hvaða öðrum ástæðum sem er, takmarkast við beint tjón kaupanda og takmarkast jafnframt af fjárhæðum samkvæmt 1. mgr. þessa ákvæðis. Seljandi verður ekki undir neinum kringumstæðum krafinn um bætur vegna óbeins tjóns kaupanda, svo sem (en ekki tæmandi talið) vegna samdráttar eða stöðvunar í framleiðslu eða viðskiptum, vegna þess að verkefni kemur ekki að þeim notum sem stefnt var að, vegna missis hagnaðar þegar samningur við þriðja mann fellur brott eða verður ekki réttilega efndur eða af hvaða öðrum ástæðum sem er.

Seljandi skal ekki bera skaðabótaábyrgð gagnvart þriðja manni vegna tjóns sem rekja má til vöru frá seljanda eða þjónustu sem seljandi veitir.

11. Afpöntun

Kaupanda er óheimilt að afpanta vöru ef um sérpöntun er að ræða nema gegn því að greiða seljanda allt það tjón sem hann verður fyrir vegna afpöntunarinnar, þ.m.t. útlagðan kostnað, geymslurými o.s.frv.

12. Tilkynningarfrestir og ábyrgðartakmarkanir

Kaupandi glatar rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir ekki seljanda án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var í hverju gallinn er fölginn. Ef kaupandi leggur ekki fram kvörtun innan 12 mánaða frá dagsetningu reiknings, eða frá afhendingu ef sá tími er sannanlega fyrir útgáfu reiknings getur hann ekki síðar borið gallann fyrir sig. Reikningur skal ávallt fylgja tilkynningu um galla.

Ef í ljós kemur á framangreindu tímabili að vara sé haldin framleiðslu- og/eða efnisgalla hefur seljandi heimild til að bæta á eigin kostnað úr gallanum með öflun varahluta og/eða viðgerð. Kaupandi ber sjálfur ábyrgð á kostnaði sem hlýst af því að flytja vöru til og frá viðgerðarstað. Seljandi ber ekki ábyrgð á tjóni sem verða kann á söluhlut vegna utanaðkomandi aðstæðna á meðan hann er í viðgerð hjá honum.

Kaupandi á engar kröfur á hendur seljanda vegna eiginleika söluhluts sem hann varð var við eða mátti verða var við við kaupin.

Seljandi ber enga ábyrgð á afleiddu tjóni vegna galla eða bilunar vöru, hvort sem um er að ræða beint eða óbeint tjón að ræða, þ.m.t. vegna taps á rekstrarhagnaði. Þá ber seljandi ekki ábyrgð á afleiddu tjóni sem verða kann af notkun vörurnar.

Ábyrgð á seldri vöru fellur niður ef:

- Verksmiðjunúmer hefur verið fjarlægt.
- Seljandi eða aðili sem seljandi samþykkir kemur ekki að samsetningu og/eða gangsetningu búnaðarins.
- Tjón stafar af rangri meðferð, misnotkun eða öðrum atvikum sem rakin verða til kaupanda (eða til aðila sem hann ber ábyrgð á). Um eðlilegt slit vegna notkunar vöru er að ræða.
- Viðgerð eða tilraun til viðgerðar hefur átt sér stað án aðkomu starfsmanna seljanda.

Þá samþykkir kaupandi að eftirfarandi skilmálar eiga við um seldar vörur og búnað:

- Óheimilt er að endurselja eða flytja vöru eða búnað frá seljanda á landssvæði sem sætir þvingunaraðgerðum eða viðskiptabanni, nema að fengnum tilskildum leyfum eða samþykkji yfirvalda. Seljandi ber ekki ábyrgð á nokkurs konar tjóni, tapi, skaðabótum eða kostnaði sem stafa af brotum á þessum skyldum af hálfu kaupanda.
- Seljandi verður ekki gerður ábyrgur fyrir brotum á lögum sem felast í því að kaupandi selur áfram eða flytur vöru eða búnað frá seljanda til lands sem sætir þvingunaraðgerðum eða viðskiptabanni á grundvelli laga, nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða.
- Kaupandi samþykkir að hvers konar ábyrgð seljanda á vöru eða búnaði, sem keypt hafa verið af seljanda, og flutt eru á landssvæði sem sætir þvingunaraðgerðum eða viðskiptabanni, fellur samstundis niður.

Kaupandi fellst einnig á að verja, bæta og halda HD ehf. starfsmönnum, umboðsmönnum og undirverktökum á vegum þess skaðlausum gagnvart öllum afleiðingum af brotum kaupanda á framangreindum skyldum og/eða ákvæðum laga nr. 93/2008.

Að öðru leyti en því sem að ofan greinir undanþiggur seljandi sig ábyrgð á seldum vörum að því marki sem lög heimila.

13. Skaðsemisábyrgð

Um skaðsemisábyrgð fer eftir lögum nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð. Seljandi undanþiggur sig ábyrgð af slíku tjóni að því marki sem þau lög leyfa.

14. Varnarþing

Mál vegna viðskiptaskilmála þessara og samninga á þeim byggðum skulu rekin fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

15. Gildistími

Skilmálar þessir eru gefnir út af HD ehf. á íslensku og um skilmálana gilda íslensk lög. Íslensk útgáfa skilmálanna er eina gilda útgáfa skilmálanna, óháð því hvort HD ehf. birti þýðingu á skilmálunum á öðrum tungumálum en íslensku.

Skilmálar þessir gilda frá og með 1. desember 2023 með útgáfu þeirra falla eldri skilmálar HD ehf. úr gildi.

HD ehf. áskilur sér fullan rétt til að breyta ákvæðum þessara skilmála og birting nýrra skilmála á vefsíðu HD ehf. telst nægilega tilkynnt til kaupanda.